



## Svar

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

**Efni:** *Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fjölda íbúa í smáhúsum fyrir heimilislaut fólk í september 2021*

*Á fundi borgarráðs þann 16. september 2021 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fjölda íbúa í smáhúsum fyrir heimilislaut fólk í september 2021:*

*Nú eru liðin þrjú ár síðan ákveðið var að kaupa 25 smáhúsi í borgarráði. Hvað eru margir íbúar í smáhúsunum nú í september 2021?*

Fyrirspurninni var vísað til meðferðar velferðarráðs með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 11. október 2021.

**Svar:**

Af þeim 20 smáhúsum sem Reykjavíkurborg festi kaup á hafa fimm verið tekin í notkun í Gufunesi, en fyrsta úthlutun til íbúa fór fram í desember 2020. Áætlað er að taka tvö smáhús í notkun í Skógarhlíð í október og þrjú við Kleppsmýrarveg. Erfiðlega hefur gengið að finna smáhúsunum stað vegna ýmissa áskorana, meðal annars ákvæða í skipulagslöggjöf borgarinnar sem torvelduðu ferlið við að koma húsunum upp.

Frá því að úthlutun hófst í smáhúsin í Gufunesi þann 17. desember 2020 hefur tíu einstaklingum verið úthlutað húsum en þrír af þeim afþökkuðu. Alls hafa því 7 íbúar búið í smáhúsunum fimm á tímabilinu. Þann 12. október voru þrír einstaklingar búsettir í smáhúsunum í Gufunesi. Nú í október verður úthlutað í eitt hús, sem lokið er viðgerð á. Fimmta húsið er illa farið en þar varð töluvert vatnstjón og standa viðgerðir yfir. Vonast er til að það hús verði tilbúið til úthlutunar um mánaðarmótin október/nóvember nk. Þá er undirbúningur hafinn að úthlutun í smáhús í Skógarhlíð og við Kleppsmýrarveg og er vonast til að úthlutun fari fram í október.